

Áfrýjunarferli vegna starfsmats

Það eiga allir rétt á áfrýjunarferli hvort sem viðkomandi starf var tekið í starfsmat eða ekki. Starfsmaður getur sent launadeild viðkomandi sveitarfélags rökstudda beiðni um endurmat. Vinnuhópur skipaður einum fulltrúa viðkomandi stéttarfélags og einum fulltrúa viðkomandi sveitarfélags taka málið til umfjöllunar. Þeir meta hvort forsendur séu til endurmats á grundvelli eftirfarandi viðmiðunarreglna sem samningsaðilar kjarasamningsins hafa komið sér saman um. Þá getur vinnuveitandi jafnframt óskað eftir endurmati með sama hætti og starfsmaður.

- Upphafstími áfrýjunarheimildar verði 1. febrúar 2005
- Lokatími áfrýjunarheimildar vegna innleiðingar verði 31. mars.2005
- Gildistími niðurstöðu verði frá upphafi þess mánaðar sem áfrýjun berst launadeild.

Viðmiðunarreglur fyrir vinnuhópa

Viðmiðunarstarfslýsingar og stigagjöf þeirra munu liggja fyrir á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is, kjarasvið – starfsmat, þann 15. desember 2004.

Telji starfsmaður að starf hans sé ekki rétt metið miðað við fyrirbyggjandi gögn getur hann áfrýjað niðurstöðunni og er það gert með eftirfarandi hætti:

- Starfsmaður skal fylla út „spurningalista til undirbúnings fyrir starfsmatsviðtal“ sem finna má á framangreindri heimasíðu
- Starfsmaður þarf að leggja fram lýsingu á starfi sínu staðfesta af yfirmanni
- Í skriflegum rökstuðningi þarf að koma fram hvaða þættir viðkomandi starfs eru ekki taldir metnir í starfsmati
- Beiðni þarf að berast í fyrsta lagi 1.febrúar 2005 og eigi síðar en 31.mars 2005 til launadeildar sveitarfélagsins
- Telji vinnuhópurinn forsendur fyrir endurskoðun á mati skulu fyrirbyggjandi upplýsingar sendar til starfsmatsnefndar LN og viðsemjanda